

GJALDSKRÁ

vegna brunabótamats, málskot til yfirfasteignamatsnefndar og gerðardóms
skv. lögum nr. 48/1994 um brunatryggingar, með síðar breytingum.

1. gr.

Fyrir fyrstu virðingu eftir að húseign hefur verið tekin í notkun skal ekkert matsgjald greitt. Það sama á við taki Fasteignamat ríkisins ákvörðun um endurmat húseignar að eigin frumkvæði. Fyrir annað endurmat á brunabótamati skal greiða kr. 6.000. Sé brunabótamat húseignar kr. 25.000.000 eða hærra skal greiða 0,03% af brunabótamati viðkomandi húseignar. Fari brunabótamat yfir kr. 500.000.000 greiðist þó aðeins 0,01% af þeirri upphæð sem umfram þá fjárhæð er.

Reynist virðing húseignar sérstaklega vandasöm er ráðuneytinu heimilt að ákveða hærra gjald fyrir hana samkvæmt umsókn þar að lútandi.

2. gr.

Ágreiningi um brunabótamat má skjóta til yfirfasteignamatsnefndar. Fyrir málskot til yfirfasteignamatsnefndar skal greiða kr. 12.000.

3. gr.

Ágreiningi um bótafjárhæð skv. 2. mgr. 16. gr. eða um endurmatsverð skv. 3. mgr. 16. gr. reglugerðar nr. 809/2000 um lögboðna brunatryggingu húseigna, sbr. og 2. og 3. mgr. 3. gr. laga nr. 48/1994 um brunatryggingar, er heimilt að skjóta til gerðardóms. Fyrir kostnað vegna gerðardóms skal greiða sem hér segir:

- a. Sé brunabótamat kr. 10.000.000 eða lægra kr. 25.000
- b. Sé brunabótamat kr. 10.000.001 - 20.000.000 kr. 46.000
- c. Sé brunabótamat kr. 20.000.001 eða hærra kr. 80.000

Í undantekningartilfellum er ráðuneytinu heimilt að ákveða hærra gjald fyrir kostnað vegna gerðardóms samkvæmt umsókn gerðardóms þar að lútandi.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með tilvísun til 2., 3., 5. og 8. gr. laga nr. 48/1994 um brunatryggingar, með síðari breytingum, og 8., 10. og 17. gr. reglugerðar nr. 809/2000 um lögboðna brunatryggingu húseigna. Jafnframt er felld úr gildi auglýsing nr. 332/1996.

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytinu, 7. júní 2001.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.